



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2021-22
Starfsáætlun 2022-2023

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Gaudium ehf*, en nýr rekstraraðili tók við rekstri Regnbogans þann 1. september 2021. Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir. Stefnan lítur svo á að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggio-skóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia og er endurmenntun við þá stofnun þegar bókuð fyrir komandi skólaár.

Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

*Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun*

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2022

Árgangur 2016, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert og eitt barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2021-2022.....	9
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2021-2022	14
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2021-2022	17
Innra og ytra mat skólaárið 2022-2023	22
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023.....	24
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar.....	25
Samstarf	26
Fylgiskjöl	29

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesþroski - Skapandi starf
eru þrjár megin stoðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Lögð er áhersla á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Rammar og reglur höfða til skynsemi barnanna svo þau öðlist innri aga. Áhersla er á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við erum til staðar og hjálpum barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi er lögð rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfsstjórn barnsins, innri aga og ró.



Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu).




Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með yngstu börnin uppí þau elstu. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



Skapandi starf í anda Reggíó-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema. Reggíó stefnan er í anda Menntastefnu borgarinnar þar sem barnið er virkur þátttakandi í öllu skólastarfi.



Námskrá Regnbogans er fljótandi námskrá og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrir fram en stundin oftast gripin. Þó erum við, að nokkru leyti, með formlegra og verkefnaþróaðra nám á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesþroska og Skapandi starfi.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf enn betra.

Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði - Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við litum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska eðlisþætti sína og færni. Okkar er að skapa þeim þær aðstæður.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Undirrituð tók við rekstri Regnbogans, leikskóla haustið 2021. Hér hef ég haft viðkomu reglulega frá stofnun skólans og fylgst vel með þróun hans. Móðir mín, Lovísa Hallgrímsdóttir, er stofnandi Regnbogans og aðal hugmyndasmiður við hönnun skólans og því skólastarfi sem Regnboginn leggur áherslu á enn í dag. Faðir minn var svo staðarverkfræðingurinn og hélt utan um byggingu Regnbogans á sínum tíma og viðhaldi hans. Lovísa er enn faglegur ráðgjafi við skólann.

Ferlið við umsókn mína um rekstrarleyfi í borginni tók langan tíma. Allt ferlið í kringum að stofna fyrirtæki, fá rekstrarleyfi, semja um fjármögnun, stofna til viðskiptasambanda við banka, byrgja, stéttarfélög, skólayfirvöld, opinberarstofnanir o.fl. hefur verið allt í senn lærdómsríkt, krefjandi og skemmtilegt.

Foreldrar og starfsfólk tóku afar hlýlega og vel á móti nýjum skólastjóra hétum við öll góðu samstarfi. Fram kom að starfsfólk skólans entist svo vel í starfi sem raun ber vitni vegna þess hlýja andrúmslofts og faglega starfs sem hér ríkir, en ekki síst vegna þeirrar umframmönnunar í húsinu sem leitt hefur til þess að ekki hefur þurft að loka einn einasta dag vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þá kom fram að foreldrum þykir ómetanlegt að ekki er lokað á skipulagsdögum skólans. Undirrituð nýr skólastjóri metur hreinskiptar umræður og samskipti foreldra og starfsfólks og heitir því að gera sitt allra besta.

Endurnýjun á skólaári

Á árinu höfum við farið í töluverða endurnýjun, en nýr eldhús tækjabúnaður s.s. gufuofn og helluborð hafa verið keypt inn í skólann. Þá erum við í bið eftir iðnaðarþvottavél og þurrkara sem von er á í september. Töluvert viðhald, smíða- og málningarvinna fór fram í sumarfríinu, bæði innanhúss sem og úti á leiksvæði, ásamt því að ný teppi voru lögð í kubbaherbergi Rauðu og Grænu deilda. Þá voru salerni endurnýjuð og lækkuð til að henta betur fyrir börnin. Þá höldum við áfram að meta og skoða hvort og hvernig við getum nýtt starfssvæði okkar og barnanna á sem allra besta máta til að skólastarfið flæði sem best.

Skólaárið 2021-2022 hélt áfram að litast af heimsfaraldrinum Covid-19. Síðla árs 2021 skall á okkur fjórða bylgja veirunnar og þurftu skólar á öllum skólastigum að aðlagast sig enn á ný að

auknum sóttvarnarkröfum. Regnboginn fór ekki varhluta af fjórðu bylgjunni, mörg börn og starfsfólk smituðust af Covid, sumir jafnvel í annað sinn. Örfá skipti þurfti að loka deildum skv. fyrirskipan Covid rakningarteymis. Þá var töluvert um veikindi og langtímaveikindi á þessu skólaári sem voru rekstrinum nokkuð þung. Samvinna og þrautseigja starfsfólks skólans og foreldra kom okkur í gegnum fjórðu Covid bylgjuna. Við erum svo lánsöm að eiga góð tengsl við fyrrum starfsfólk skólans sem kom reglulega inn og vann nokkra daga til að lágmarka hnjask á faglegu skólastarfi og tryggja öryggi barnanna. Þegar voraði og smitum fækkaði opnuðum við húsið aftur fyrir foreldrum.

Eitt af markmiðum á skólaárinu var endurmenntun í Reggio fræðum með áherslu á að efla deildarstjóra sem faglega leiðtoga skólans. Það markmið náðist ekki á liðnu skólaári t.a.m. vegna afleiðinga Covid á allt námskeiðhald. Stefnt er að því að vinna ötullega að því markmiði skólaárið 2022-2023.

Persónuvernd

Persónuverndarstefnu Regnbogans má finna á heimasíðu skólans og var hún unnin fyrir nokkrum árum. Vegna aukinnar áherslu á persónuvernd hefur verið gerður samningur í samstarfi við SSSK við Attaca Labs, lögfræðistofu, sem mun vera okkur til halds og trausts í persónuverndarmálum. Haldið verður námskeið á vegum Attaca Labs fyrir allt starfsfólk skólans á haustönn 2022.

Jafnlaunastefna og staðfesting

Skv. reglugerð Jafnréttisstofu þurfa fyrirtæki með starfsmannafjölda yfir 50 manns að skila inn jafnlaunavottun, fyrirtæki með 25-49 manns þurfa að fá jafnlaunastaðfestingu. Vegna Covid og þeirri fjarveru sem af Covid olli og afleysingafólk sem við kölluðum inn fórum við yfir 25 manns sem er umfram þann mannskap sem starfar við skólann alla jafna (hér eru ekki talin ársverk heldur fjöldi starfsmanna á launaskrá yfir árið). Fyrirtækið Ráður var fengið til að fara með okkur í þetta ferli, en finna má jafnlaunastefnu skólans á heimasíðu okkar. Enn er unnið að jafnlaunastaðfestingu þar sem launagreining er í vinnslu, en þessi vinna ásamt vinnu við persónuvernd hefur bæði verið tímafrek og afar kostnaðarsöm.

Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2021-2022

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og er 17 barna deild. Skólaárið 2021-2022 samanstóð deildin af átta drengjum og níu stúlkum. Þrjú börn eru fædd 2019 og fjórtán börn fædd 2020.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggíó Emilía

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að efla starfsfólk í að vinna út frá áhuga barnanna og ná betri tökum á skriflegum skráningum í starfi með ungum börnum.



Á Gulu deildinni eru yngstu börnin í leikskólanum. Gildin okkar: virðing, gleði og umhyggja eru allsráðandi í starfi með börnunum og leitast starfsmenn við það á hverjum degi að koma til móts við þarfir og áhuga barnanna. Að bera virðingu fyrir ungum börnum lýsir sér m.a. í því að þau leiði okkur áfram í námi sínu og þroska í leikskólanum. Við unnum út frá áhuga barnanna með því að skapa þeim leikefnið og umhverfi sem höfðaði til þeirra hverju sinni

auk þess að fylgjast náið með hverjum og einum einstaklingi og nýta hvert tækifæri til að efla sjálfsmynd hans og færni.

Krummaverkefnið er dæmi um verkefni sem spannst út frá áhuga barnanna. Í Regnboganum eru nokkrir krummar sem halda til í öspunum við skólann. Börnin sýndu þessum krummum mikinn áhuga þegar við vorum úti og var dásamlegt að fylgjast með þeim koma auga á krummana og benda okkur á þá. Ákveðið var að vinna meira með krumma og skoða hann út frá ýmsum sjónarhornum í takt við Reggíó Emila stefnuna. Krummabréðu varð fastagestur á deildinni og við lærðum mörg lög um krumma. Við skoðuðum brúðuna í bak og fyrir og lærðum hugtök um hina ýmsu líkamsparta. Á listastöð urðu ýmis konar krummar til, bæði skúlptúrar og málverk.



Skráningar skipa stóran sess í starfi leikskólans. Myndrænar skráningar eru fyrirferðamestar á deildinni en á skólaárinu vildum við bæta í skriflegar skráningar þar sem við skráum hvað börnin segja og gera. *Sway* fréttabréfið var notað í þessum tilgangi þar sem skriflegar skráningar af upplifun og námi barnanna í leikskólanum voru sendar heim til foreldra, þeim til mikillar gleði. Slíkar skráningar fjölluðu um m.a. fyrsta göngutúrinn, upplifun á ljósastöð, í könnunarleik o.fl. Í námsbækur barnanna fóru líka skráningar sem sýndu hvað barnið tók sér fyrir hendur í leikskólanum á skólaárinu.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaáttum á árinu og ætlum við halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að starfsfólk deildarinnar yrðu enn færari í að lesa í barnahópin og aðstæður á deildinni hverju sinni og meta í sameiningu hvaða þætti þyrfti að bæta/vinna með í samskiptum barnanna

Vináttuverkefni Barnaheilla



Vel gekk að vinna að þessu markmiði á skólaárinu. Fráfarandi deildarstjóri var búinn að skipuleggja efnið í tösku sem fylgir verkefninu og setja upp á aðgengilegan hátt sem gott var fyrir nýjan deildarstjóra að vinna með. Fyrstu skrefin í að vinna með efnið voru að börnin fengu öll sinn litla Blæ til að nota að vild. Börnin voru mis upptekin af honum en

áhuginn jókst jafnt og þétt yfir veturinn. Í lok nóvember byrjuðum við með vinafundum. Eins og lagt var upp með í umbótaáætlun völdum við úr efnið það sem okkur fannst passa að ræða hverju sinni í stað þess að fylgja föstu skipulagi þar sem fyrirfram ákveðið er hvað skal vinna með hverju sinni. Starfsfólk fannst það koma vel út og lögðum við áherslu á að starfsmenn hefðu tækifæri til að undirbúa sig fyrir vinafundina.



Nokkuð vel gekk að vinna með efnið en starfsfólk var misöruggt í að vinna með það. Við vorum með Lubbastundir og Vinafundum á sama tíma eftir nónhressingu, fyrst Lubbastund og svo vinafund. Starfsmönnum fannst þetta helst til þétt dagskrá og ekki skapa nægjanlegt rými



fyrir flæði í stundunum. Við viljum því endurskoða dagskipulagið varðandi Lubba og Vináttu á deildinni á komandi skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Finna út hvað er gott að vinna með allra yngstu börnunum úr Lubba námsefninu og rýni í flæðið í dagskipulaginu okkar og hvering við getum komið báðum stundum fyrir þannig að þær fá nægjanlegt rými.
- Mynda teymi með deildarstjóra Rauðu deildar um hvernig unnið er með Vináttu á yngstu deildunum.

Tengsl barna milli deilda

Markmið á skólaárinu var að auka samvinnu milli deilda með sérstöku tilliti til barna innan sama árgangs þannig að börnin haldi í tengingu við jafnaldra sína þó þau séu í einn vetur á sitt hvorri deildinni.

Strax á nýju skólaári var farið í að skipuleggja þennan þátt og var ákveðið börnin sem fædd voru 2019 færu markvisst einu sinni í mánuði yfir á Rauðu deild til að hitta jafnaldra sína. Þess fyrir utan gafst þeim tækifæri á að heimsækja deildina á vinadögum, útiveru og þegar tækifæri gáfust. Stefnt er að því að vinna eftir sama skipulagi á næstu skólaári og telst þessum umbótaþætti lokið.



Umbótaáætlun *Gulu* deildar fyrir starfsárið 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubba námsefni	Setja markvissara skipulag úr Lubba námsefninu	Starfsfólk heldur áfram að vinna í samein. að settum markm.	Deildarstjóri	Skólaárið 2022-23	Deildarfundum og með að sækja sér fræðslu.	Starfsfólk hefur öðlast aukna færni í notkun á Lubba námsefninu.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Auka færni starfsmanna að nota mismunandi skráningarform	Starfsmenn fá tækifæri til að prófa sig áfram í dageglustarfi	Deildarstjóri	Skólaárið 2022-2023	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á mismunandi skráningarformum og geti nýtt sér þau.
Halda áfram að fínþessa vinaverkefnið með Blæ	Að starfsfólk deildar verði færari að lesa í hóp og aðst. og meta í samein. hvaða þætti þarf að bæta í samsk. barnanna	Vináttu verkefni Barnaheilla	Deildarstjóri	Skólaárið 2022-23	Deildarfundum	Að starfsf. hafi öðlast aukna færni í að grípa inn í aðstæður á yfirvegaðan máta og og hafi verkfæri til að leysa úr þeim áskorunum sem verða í samskiptum barnanna.
Auka samvinnu milli deilda m. börn innan sama árgangs	Að börnin haldi í tenginguna við jafnaldra sína þó þau verði eitt skólaár á sitthvorri deildinni	Höldum áfram með vinadaga og umfram þá að efla samstarf milli deilda hvað varða börn af sama árgangi.	Deildarstjóri allra deilda	Skólaárið 2022-23	Deildarfundum Deildarstjórafundum Endurmatsfundum	Að börnin séu enn öruggari að fara á nýja deild og detti fljótt og vel inn í barnahópinn.

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2021-2022

Mið deild skólans heitir Rauða deild og dvelja þar að jafnaði 28 börn. Skólaárið 2021-2022 samanstóð deildin af 17 drengjum og 11 stúlkum. 13 börn eru fædd 2018 og 15 börn fædd 2019.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Börnum er skipt í tvo hópa eftir árgöngum. Í stöðvavinnu var boðið upp á 3-4 stöðvar og börnin fengu sjálf að velja sér stöðvar. Flæði á milli stöðva gekk vel en stundum þurfti að hólfa svæði til að skapa aukna ró. Börn á þessum aldri hafa flest stutt úthald á hverju svæði fyrir sig og eru því mikið að skipta á milli verkefna og prófa ólíka hluti. Síðla vetrar fórum við í þema vinnu sem náði yfir lengri tíma. Unnið var með bókina um fílinn Ellý sem er alltaf að koma sér í vandræði þar sem hún er ekki að hlusta. Þau lærðu lag um Ellý og lærðu í gegnum það um formin og liti. Börnun sögðu frá, teiknuðu, máluðu og bjuggu til sinn eign fil.



Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að mæta heimiliskrök og einingakubbana í nýjum rýmum. Við færðum einingarkubbana fram í stofu þar sem þeir fengu sitt svæði og á móti flutum við heimiliskrök inn í herbergi. Í ljós kom að rýmið var ekki nógu stórt fyrir einingarkubbana og við færðum þá aftur inn í herbergi. Heimiliskrókurinn var aftur færður fram í stofuna en á annan stað en áður. Við endurröðuðum borðum og hillum til að búa til betra flæði og leiksvæði.

Skráningar skipa stóran sess í starfinu á deildinni. Myndrænar skráningar eru fyrirferðamestar á deildinni. Með myndrænum skráningum náum við að fanga starf deildarinnar í leik og starfi og eru skráningarnar sýnilegar börnum, foreldrum og starfsfólki Regnbogans.

Skriflegar skráningar voru gerðar bæði með eldri og yngri hóp. Mest er notast við myndrænar skráningar. Við höfum bætt okkur nokkuð í skriflegum skráningum. Fyrri hluta vetrar eru margir í yngri hópnum ekki farin að tjá sig það mikið með orðum að hægt sé að gera stórar skráningar með þeim. Einnig skráðum við niður gullkorn barnanna yfir veturinn og hér má sjá tvö sýnishorn:

„Ég ætla að eignast barn og vera stóra systir hans“

„Ég verð að komast úr vettlingunum. Þeir eru alveg að kyrkja mig!“

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í vetur höfum við verið að vinna með tilfinningar, m.a. í gegnum starf okkar með Blæ. Við höfum lesið og rætt um ólíkar tilfinningar á borð við hræðslu, pirring, leiða, sorg og gleði. Við höfum einnig sungið um þær og velt því fyrir okkur hvað gerist í líkama okkar þegar við erum t.d. glöð og leið. Við höfum lært að þekkja grunntilfinningar okkar og kynnst því hvernig hægt er að bregðast við þeim á fjölbreyttan hátt.



Vináttuverkefni Barnaheilla

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að hafa Blæ meira með í frjálsum leik en skv. hugmyndafræðinni á að samþætta verkefnið í allt námsefni. Þetta var gert með því að tileinka sér grunngildin í daglegu starfi: umburðarlyndi, virðingu, unhyggju og hugrekki.

Námsefnið og Blær frá Barnheillum nýtast vel í starfi á deildinni og munum við halda áfram þróun þess á næsta skólaári. Ákveðið var að Blær ætti að eiga afmæli á alþjóðlega bangsadeginn 27. október.

Yngri hópnum var skipt í tvo hópa í samverustundum og einu sinni í viku var vináttuverkefni tekið fyrir í samverustund. Keypt hefur verið sér taska af Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir Rauðu deildina með námsefni sem hentar aldrinum 0-3 ára og böngsum fyrir öll börnin.

Blær fékk að vera virkur þátttakandi í daglegu lífi á deildinni fór t.d. með í göngutúra og var með í frjálsum leik barnanna.



Sett voru þau markmið að syngja vináttulögin á fagnaðarfundum/söngstund á sal þar sem allur leikskólinn kemur saman og þarf að vinna betur í því markmiði á komandi skólaári.

Haldið verður áfram með vinadaga í leikskólanum. Þeir urðu aðeins færri á þessu skólaári vegna takmarkanna út af Covid. Á vinadögum fá börnin að heimsækja aðrar deildar og hafa þeir dagar ávallt tekist vel og eru nú komnir til að vera.



Umbótaáætlun *Rauðu* deildar fyrir starfsárið 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttu verkefnið	Að vináttu verkefnið flæði meira inn í starfið	Flétta Vináttu verkefnið meira inn í starfið, gera Blæ enn sýnilegri	Allir	Starfsárið 2022-23	Endurmat vor 2023	Að starfsmenn hafi öðlast aukna færni í að grípa inn í aðstæður á yfirv. máta og hafi verkf. til að leysa úr þeim áskorunum sem verða í samsk.barna á milli.
Vinna með fleiri styttri þema verkefni yfir veturinn sem hentar báðum árgöngum	Þjálfa þau í virkri hlustun og fá útrás til að tjá sig í gengu leik og sköpun	Að styrkja starfsmenn í að auka færni sína að vinna í anda R.E.	deildarstjóri	Skólaárið 2022-23	Á deildarfundum	Að starfsf. fái aukið tækif. til að vinna verkefni í anda R.E. og fá aukið sjálfstraust í skrán. á verkefnum. Ferlið er mikilvægara en útkoman.

Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2021-2022

Elsta deild skólans heitir Græna deild og dvelja þar 30 börn. Skólaárið 2021-2022 dvöldu þar 15 börn fædd 2016 (11 drengir, 4 stúlkur) og 15 börn fædd 2017 (6 drengir, 9 stúlkur).

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Í umbótaáætlun síðasta árs var ákveðið að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem sett voru fram í fyrri áætlun og sneru að flæði, umhverfi og efniviði í starfi í anda Reggio Emilia. Einnig var ákveðið að leggja enn ríkari áherslu á skriflegar skráningar í námsbækur barnanna.

Flæði, umhverfi og efniviður í starfi í anda Reggio Emilia

Á Grænu deildinni eru elstu börnin í leikskólanum. Við gerðum breytingar á deildinni í upphafi skólaárs, prófuðum okkur áfram við að færa til svæði innan deildarinnar og búa til ný, sumt virkaði vel, annað síður. Starfsmenn eru sammála um að flestar breytingarnar hafi orðið til góðs, en eru jafnframt meðvitaðir um að umhverfið á og má taka sífelldum breytingum þegar starfað er í anda Reggio, þar sem við vinnum út frá áhuga barnanna hverju sinni og sköpum þeim umhverfi og efnivið sem hentar hverju sinni.



Við gerðum meðal annars ýmsar umbætur á listastöð; efniviður er nú aðgengilegri, skipulagðari og meira aðlaðandi. Við lögðum áherslu á flæði og frjálsa listsköpun á listastöð, án áherslu á útkomu og skilaði það sér í meiri áhuga og gleði hjá börnunum. Eitt af markmiðum skólaársins var að setja reglulega fram kveikjur/leikboð innan deildarinnar. Kveikjurnar eiga að vera áhugavekjandi fyrir börnin og gafst það vel. Starfsmenn myndu gjarnan vilja hafa rýmri tíma og tækifæri til að skipuleggja og þróa þennan þátt áfram.

Við reyndum eins og kostur var að hafa frjálst flæði í öllu stafi á deildinni, en þurftum þó að nota stýringar á svæðum og aldursskipta deildinni meira en oft áður vegna þess að nokkuð mörg barnanna þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum og því hentaði frjálst flæði þeim ekki eins vel.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia – skráningar

Skráningar skipa stóran sess í starfi leikskólans. Á þessu skólaári vildum við auka færni starfsmanna í að nota mismunandi skráningarform. Allir starfsmenn tóku þátt í myndrænni

skráningu á námi og starfi barnanna og flestir tóku einnig þátt í skriflegum skráningum. Hópstjórar sáu um að gera skráningar fyrir námsbækur barnanna (sem þau fá afhentar að vori). Til að auka upplýsingaflæði til foreldra sendum við einnig út regluleg fréttabréf (SWAY). Í því voru skriflegar og myndrænar skráningar af upplifun og námi barnanna í leikskólanum. Þar var til að mynda fjallað um daglegt starf, útinám, stöðvavinnu, uppákomur í leikskólanum o.fl. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með fréttabréfin.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaþáttum á árinu og ætlum við að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess vel að halda jákvæðri sýn á börnin og muna að þau búa öll yfir sköpunarkrafti og hugmyndum. Vera dugleg að vinna með börnunum – rannsaka með þeim, læra, hlusta, skrá, taka þátt og ígrunda bæði kennslu og nám.
- Barn þroskast í samtali við umhverfið sem það er í. Halda áfram að vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu hjá okkur á deildinni.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið dýpka vináttu verkefnið með því að nota kennslugögnin betur, t.d. með því að nota verkefnabókina meira, sem og lögin og hreyfingar við þau.

Nokkuð mörg barnanna, sérstaklega í eldri hópnum, þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum svo það var ljóst í upphafi skólaárs að það þyrfti að vinna sérstaklega í að bæta samskipti og félagsfærni í barnahópnum.



Vinátta

Í byrjun var unnið áfram með Vináttuverkefni Barnaheilla, en þar sem ekki hafði náðst nægilega góður árangur um miðjan vetur var ákveðið að bæta við verkfærum úr forvarnarverkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur, *Allir vinir, forvarnir gegn einelti* og búa til markvisst verkefni með ríka áherslu á **vináttu**, **samskipti** og **samvinnu**. Sérkennslustjóri var fenginn til að stýra verkefninu í samvinnu við deildarstjóra og kennara. Verkefninu var aðallega beint að eldri hópnum á deildinni, en var þó kynnt yngri hópnum líka. Verkefnið byggir á umræðum, verkefnum og ýmsum æfingum sem fara fram á vikulegum vinafundum og fléttast svo inn í allt daglegt starf í leikskólanum. Áhersla er á góða samvinnu allra á deildinni. Fjallað var um af hverju það er mikilvægt að eiga góð samskipti og unnið var með hugtökin samvinna, hjálpsami, kurteisi, þolinmæði og umburðarlyndi.

Allir starfsmenn tóku virkan þátt og einnig var verkefnið kynnt fyrir foreldrum og gott samstarf var milli heimila og skóla. Foreldrar voru hvattir til umræðu heima um hugtökin auk þess að athuga hvort finna mætti dæmi um þau í bókum og barnaefni í sjónvarpi.

Vinafundir voru haldnir vikulega með eldri börnunum. Þar lögðum við inn hugtak (eins og *hjálpsemi, hugrekki, umburðarlyndi, vinátta* o.s.frv.), fórum í hlutverka- og samvinnuleiki og æfðum viðkomandi færni. Þegar nýtt hugtak var kynnt var sendur póstur til foreldra.



Tækifæri til umbóta

- Halda áfram með vináttuverkefnið, finna því stað hjá báðum hópum, endurmeta og breyta/bæta ef þarf.

Mál og læsi

Markmið skólaársins var að setja frásagnarbókina aftur á dagskrá og vinna áfram með sjálfsstyrkingu og framkomu og að nýr deildarstjóri færi á námskeið í K-PALS aðferðinni.

Frásagnarbók

Vegna takmarkana tengdum COVID-19 reyndist ekki unnt að endurvekja frásagnarbókina að sinni en í vináttuverkefninu, sem kynnt var í fyrri kafla, sem og í árlegri leiksýningu barnanna á Grænu deildinni var unnið mikið með sjálfsstyrkingu og framkomu.


Yngri hópur - LUBBI

Yngri hópurinn vann með Lubba námsefnið líkt og undanfarin ár. Sérstök *Lubbastund* var einu sinni í viku þar sem farið var yfir málhljóð vikunnar. Við unnum einnig með málhljóðin í útinámi þar sem börnunum var m.a. fengið það verkefni að móta stafi úr efnivið sem þau fundu. Börnin sýndu bókstöfum mikinn áhuga í upphafi skólaárs og gættum við þess að hafa bækur og stafaspjöld aðgengileg og áberandi.



Eldri hópur - K-PALS

Elsti árgangurinn fór í upprifjun á Lubba-stafrófinu í upphafi skólaársins. Eftir það fóru þau í K-PALS lestrarþjálfun. K-PALS er svokölluð félagakennsla, þar sem börnin vinna saman í pörum (raðað eftir niðurstöðum úr HLJÓM-2) og er hugsuð til að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af börnum með jafningjamiðlaðri nálgun. Nýr deildarstjóri fór á námskeið í K-PALS og kenndi stundirnar ásamt öðrum kennara og með stuðningi sérkennslustjóra. K-PALS kennslustundirnar hafa löngu sannað gildi sitt og kölluðust gildi þeirra og vinnureglur líka vel á við vináttuverkefnið sem unnið var með elstu börnunum á deildinni.



Tækifæri til umbóta

- Vinna meira/nánnar með máhljóðin hjá yngri hópnum.
- Nota *Gefðu 10* til að styrkja þau börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.
- Gera aðra tilraun til að endurvekja frásagnarbókina?

Umbótaáætlun *Grænu* deildar fyrir starfsárið 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í andare	Vinna áfram að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun	Fagleg samtöl og fræðsla á deildarfundum Reggio námsferðir á komandi skólaári.	Deildarstjóri og kennari	Skólaárið 2022-23	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Á deildinni ríki eining, samveldni og samvinna starfsmanna og allir hafi öðlast aukið öryggi og færni í að starfa í andareggio Emilia
Skapandi starf í andare - Skráningar	Auka færni starfsmanna að nota mismunandi skráningarform	Námskeið í Reggio fræðum í september Starfsmenn fá tækifæri til að prufa sig áfram í daglegustarfi	Deildarstjóri og kennari	Skólaárið 2022-23	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á mismunandi skráningarformum og geti nýtt sér þau.
Vináttu verkefnið	Halda áfram að dýpka vináttu verkefnið með því að nota kennslugögnin betur. T.d. nota verkefnabókina meira, sem og lögin og hreyfingar við þau	Skoða það að senda starfsmann á námskeið. Rýna betur í verkefnabókina og setja jafnvel upp skemu að vinafundum sem handhægt er að grípa í	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2022-2023	Deildarfundum Deildarstjórafundum Endurmat	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á að nýta námsefnið og að geta gripið jafnóðum í það, í aðstæðum sem skapast innan barnahópsins.
Mál og læsi: K-pals	Vinna áfram með K-Pals	Nýr deildarstjóri fer á K-Pals námskeið	Skólastjóri	Skólaárið 2022-23	Deildarstjórafundir	Deildarstjóri hafi náð tökum á efninu og haldið utan um K-pals stundir
Mál og læsi: Frásagnarbók Lubbi	Markmið að taka frásagnarbókina upp aftur eftir Covid	Að börnin fái tækifæri til að öðlast færni í tjáningu og framsögn Lubba námskeið	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundir	Börnin fengu tækifæri til að æfa framsögn og tjáningu. Verkefnið um frásagnarbókina hafi m.a. verið nýtt í þeim tilgangi.

Innra og ytra mat skólaárið 2022-2023

Innra mat:

Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna:



Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegri umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók, fyrir hvert leikskólaár. Námsbækurnar eru líka mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar eftir hvert starfsár og skapa þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir foreldrum og fleirum frá.

Mat 4ra og 6 ára barna á skólastarfi

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin eru góðu jafnvægi og líður vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskurinn sem er vinsælastur hjá börnunum, þá stóð einnig uppúr núna að það var boðið uppá litlar pizzur í útskriftarferð elstu barnanna til Þingvalla og það þótti einnig afar vinsælt.

Ekki verða gerðar umbætur út frá mati barnanna að þessu sinni.

Hvað gerir leikskólastjórinn?

Spurningar og teikningar um hvað leikskólastjóri gerir eru einnig gerðar að sumarlagi þegar börnin eru komin í víkingasveitina og örlítil fjarlægð komin á snertifletina. Skólastjórinn hefur í þessu mati fengið mikilvæg skilaboð sem vert er að bæta en líka óendanlega hjartfólgin og gleðileg. Þetta mat sjá eingöngu kennarar og skólastjóri.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausa könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun.

Það er ánægjulegt að segja frá því að starfsmannakönnunni kom glögglega í ljós að starfsfólkið er heilt yfir ánægt í starfi og telja skólastjórnunina góða. Fram kom að fólk telur sig hafa jákvæð áhrif á skólastarf Regnbogans með ýmsum styrkleikum s.s. þolinmæði, virðingu í samskiptum og svo mætti lengi telja.

Það voru nokkrar óskir um fræðslu m.a. Reggio fræðslu, Blæ og jákvæðan aga.

Sameiginleg endurmat

Matið fer fram á samræðum/viðtölum og á deildar- og starfsmannfundum. Deildarstjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram eru komnir og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræður um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm og bæta úr jafnóðum og koma í gagn. Það.

Endurmat stjórnenda

Fer fram reglulega yfir árið á deildarstjórufundum þar sem staðan er tekin á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Í júní var haldinn endurmatsfundur þar sem teknar voru saman niðurstöður frá ofantöldum matsþáttum og gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Ytra mat:

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviðs var tvíþætt að þessu sinni. Spurningarlisti var sendur út í september og síðan heimsóttu eftirlitsaðilar leikskólann þann 12. október 2021. Það voru þær Auður Ösp Guðjónsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir sem komu í heimsókn í Regnbogann og framkvæmdu matið. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að rými og aðstaða barnanna voru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins fór fram í febrúar 2021 en engin könnun fór fram á árinu 2022.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023

Leiðarljós Regnbogans:

Að hvert barn er frjótt og mikillhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Lykilþættir í starfi eru: 1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi 2) Mál- og lesþroski 3) Skapandi starf í anda Reggio-stefnunnar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla stjórnendur sem faglega leiðtoga	Gefa stjórnendum tækifæri til að efla sig í hlutverki sínu sem faglegir stjórnendur og ná enn betur tókum á þeim fjölbr. áskorunum sem felast í starfinu. Stöðug verkefni á komandi skólaári.	Námskeið Fagfundir Reggíó Emilia	Skólastjóri	Skólaárið 2022-2023	Deildarstjórafundum	Stjórnendur hafi eflst í starfi og hafi aukið við færni sína í að takast á við verkefni sem snúa bæði að faglegu starfi og stjórnun?
Skapandi starf í anda Reggio Emilia	Haldið verður áfram að vinna að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun Fagleg samtöl á deildarfundum og deildarstjórafundum	Reggio námskeið við Loriz Malaguzzi stofnunina í nóvember 2022 og apríl 2023 þegar bókið fyrir 3 kennara á hvort námskeið	Skólastjóri	Skólaárið 2022-2023	Skipulagsdagur Deildar- og stjórafundir Endurmat Námskeið í Reggio Emilia í bæði nóvember 2022 og apríl 2023	Í öllum leikskólanum er unnið samkvæmt áherslum leikskólans á Skapandi starf í anda RE.
Fræðsla til starfsmanna um hegðunarerfiðleika og raskanir	Starfsfólk sé betur upplýst um að takast á við hegð.erfiðleika í takt við áherslur um tilfinningalega styðjandi umhverfi	Fræðsla til starfsmanna ýmist á deildarfundum eða starfsdögum.	Skólastjóri Sérkennslustjóri Deildarstjórar	Skólaárið 2022-23	Starfsmannakönnun Samtal um hvar sé þekki.skortur og hvernig sú fræðsla sem farið er í hefur nýst.	Starfsfólk sé öruggara að takast á við erfiða hegðun barna af virðingu, gleði og umhyggju.
Tímaskráningarsíða fyrir allar deildir	Auðveldar utanumhald skráninga barna	Hönnun á skráningarsíðu í höndum forritara	Skólastjóri	Fyrir lok árs 2022	Metið þegar skráningarsíða er tilbúin og á deildarf. eftir það	Auðv.utanumh. skráninga. Betri yfirsýn og minni pappírnotkun

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum, Regnboganum er aldrei lokað vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2022-2023 verður laugardaginn 10. september n.k.

- 1) Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók s.s. trúnaðareid o.fl.
- 2) Starf í anda Reggíó Emilia – örfyrirlestur
- 3) Deildarstjórar hvernar deildar yfirfara komandi skólaár með sínu starfsfólki.

Skipulagsdagar og námskeiðsdagar eru að jafnaði 7-8 á ári og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdís Storgard sér um og er áætlaður í ársbyrjun 2023. Námskeið um slysavarnir er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Það er síðan ánægjulegt að segja frá því að bókuð hafa verið tvö vikur námskeið í Reggio Emili fræðum við Loriz Malaguzzi center á Ítalíu. Annað í nóvember 2022 og hitt í apríl 2023.

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum

- Örnámskeið í Reggíó-fræðum á fyrsta skipulagsdegi í september.
- Námsferð til Reggíó Emilia hefur verið bókið bæði haust 2022 og vor 2023.
- Herdís Storgaard verður með námskeið um slysavarnir barna, 4. febrúar 2023.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir hjá starfsfólki.
- Fræðsla til starfsmanna varðandi hegðunarerfiðleika og um raskanir eins og einhverfu, ADHD ofl.
- Attaca Labs, lögfræðistofa, verður með námskeið í persónuvernd fyrir skóla.
- 1 eða fleiri starfsmenn fari á námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu til upprifjunar



Samstarf

Samstarf leik- og grunnskóla

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla líkt og áður auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Vegna Covid-19 var samstarfið í ár slitrótt. Skólastjóri átti gott samstarf við Guðrúni Báru aðstoðarskólastjóra og vorum við duglegar að hliðra til, fresta og bæta við heimsóknum eftir því sem samkomutakmarkanir sögðu til um.

Skilafundir milli leik- og grunnskóla voru loks haldnir eftir Covid en sl. ár hafa þeir farið fram rafrænt. Ekki er búið að gera samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undanfarin ár og því fylgir áætlun síðasta árs með.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Í ár var þemað „FLIKK FLAKK og Lögin hans Ladda“ og sungu elstu 15 börn úr elsta árgangi á Barnamenningarhátíðinni í Hörpu en foreldrar þeirra fengu sent boðskort á tónleikana.



Dansnámskeið

Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Í ár sá Jóhanna Einarsdóttir um danskennsluna en hún hefur um árabil séð um kennsluna hjá okkur.



Foreldrasamvinna


Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi nýs starfsárs og er þá kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hvernar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið. Í ár var ekki hægt að halda hefðbundna foreldrafundi vegna Covid-19. Þess í stað sendu deildar frá sér glærukynningar til foreldra þar sem starfið á komandi vetri var kynnt. Kallað var eftir framboðum í skóla- og foreldraráð í tölvupósti og gekk það vel.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 7 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum 1-2x ár ári. Á síðasta skólaári féllu sumir viðburðir sem taldir eru upp hér að ofan niður vegna Covid-19. Þrátt fyrir það fundaði foreldraráðið reglulega með skólastjóra.



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Á þessu skólaári tók ég við sem nýr rekstraraðili og skólastjóri Regnbogans og hef ég notið leiðbeiningar, aðhalds og stuðnings tveggja valkyrja, þeirra Lovísu Hallgrímsdóttur fyrrum rekstraraðila/skólastjóra og Fanneyjar Guðmundsdóttur fyrrum skólastjóra og er ég afar þakklát þeim báðum. Þá hefur annað starfsfólk, foreldrar og börn tekið vel á móti mér.

Það hefur verið bæði lærdómsrík og krefjandi að takast á við skólastjórnunina þetta skólaárið og geng ég full tilhlökkunar inn í nýtt skólaár.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík í september 2022

Sigríður Dröfn Ámundadóttir

leikskólastjóri

Fylgiskjöl

- Innra mat sérkennslu og Innra mat – fjöltyngd börn í einu skjali
- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf leik- og grunnskóla, sambærilegt sl. árum
- Skóladagatal

1 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Skipulag sérkennslu er ávallt metin út frá hverju barni. Lögð er áhersla á að barn sem þarf sérstakrar þjálfunar sé hluti af barnahópnum og taki þátt í öllu starfi með öðrum börnum. Einstaklingsþjálfun fer fram bæði inni á deild og utan deildar eitt með kennara og í litlum hópum, eftir þörfum hvers barns. Skráning fer eftir hverjum einstaklingi. Notuð eru eyðublöð til útfyllingar með einstaklingum sem þurfa mikla þjálfun en önnur þjálfun eins og málörvun er skráð eftir hvern tíma þar sem metin er hvernig hefur gengið og hvort endurtaka eigi sama næst eða bæta einhverju við.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Færnilistar sem notaðir eru til að meta stöðu barna og framfarir eru Tras og Hljóm-2. AEPS færnilisti er notaður til að skipuleggja þjálfun barna sem þurfa frekari þjálfun. AEPS listar eru unnir í samvinnu við foreldra. Fleiri matsblöð eru notuð þegar meta þarf þroska frekar í samvinnu við sérfræðinga hjá þjónustumiðstöð eins og t.d. Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og Gátlisti fyrir málþroska. EFI-2 málþroskaskimun er lagður fyrir börn á fjórða ári og notaður til að skipuleggja málörvun í þeim hóp. Íslenski málhljóðamælinn hefur verið lagður fyrir þau börn sem vantar upp á framburð en nú er áætlað að leggja hann einnig fyrir fyrir öll börn á síðasta ári til að meta hvað málhljóð eru enn ekki komin, svo hægt sé að þjálf þau áður en þau fara í grunnskóla. Íslenski málhljóðamælinn er einnig notaður til að meta hvort þörf sé á að sækja um mat hjá talmeinafræðingi.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Í Regnboganum er unnið með námsefni eins og Lubbi finnur málbein, Vinaverkefni barnaheilla um Blæ, Málhljóðakassinn, ýmis forrit í Ipad eins og t.d. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar, ýmis skynjunar forrit og flokkunar forrit.
---	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroskamat	Meta málþroska allra barna í leikskólanum til að skima fyrir mál-erfiðleikum	Leggja EFI-2 málþroska-skimun fyrir börn á fjórða aldursári.	Kristbjörg sérkennslu-stjóri.	Sumar 2022	Vor 2023	EFI-2 málþrosk askimun	Leggja fyrir öll börn á fjórða aldurs-ári.
	Meta framburðarv anda elstu barnanna.	Leggja fyrir Íslenska málhljóðam ælinn fyrir öll börn á síðasta árinu.	Kristbjörg sérkennslustjóri	Sumar 2022	Haut 2022	Íslenski málhljóða mælirinn	Öll börn á síðasta árinu.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið úthlutað í námsgögn eins, Ipad og námsforrit í Ipad, spil og skynjunardót.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lesið er fyrir börnin daglega og unnið markviss með orðaforða m.a. í gegnum námsefnið Lubbi finnur málbein. Börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda eru í málörvunarhópum þar sem unnið er út frá þörfum hvers og eins barns. Þau eru einnig í minni hópum í lestrarstundum svo hægt sé að styðja betur við málið hjá þeim. Notuð er aðferðin Gefðu 10 fyrir börn með fleiri en eitt tungumál auk annarra barna sem eru slök í mál- eða félagsþroska.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið með Lubbi finnur málbein alveg frá því að börnin byrja í leikskólanum og er það útfært eftir aldri og þroska. Les- og samverustundir eru nýttar vel í að auka orðaforða barnanna, þar er lögð áhersla á umræðu um flókin orð og börnin eru hvött til að spyrja um orð sem þau skilja ekki. Lögð er áhersla á að tala mikið við börn og að þau heyri ríkulegan orðaforða í öllum aðstæðum í leikskólanum. Mikið er unnið með texta og þulur þar sem áhersla er lögð á skilning og aukinn orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við orðaforðalista menntamálastofnunar sem viðmið við hvaða hugtök börn eiga hafa á valdi sínu miðað við aldur. Við notum Tras og AEPS til að fylgjast með framförum og endurmeta þjálfun.

Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Tras, EFI-2, íslenski málhljóðamælirinn og AEPS eru notuð til að meta alla þessa þætti og eru notað til að skipuleggja málörvun og frekari þjálfun barna sem þurfa á því að halda. Mikil áhersla er lögð á að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfi barnanna. Unnið er með málvitund og hljóðkerfisvitund frá upphafi leikskólagöngu sem er svo útfærð og aukin eftir aldri og þroska barnanna.
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun barna af erlendum uppruna	Bæta móttöku barna og foreldra af erlendum uppruna.	Búa til markvissari móttökuáætlun fyrir foreldra og börn af erlendum uppruna	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haust 2022	Vor 2023		

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastafs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2021-2022 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2022-23.

Skýrslan lýsir mjög vel því fjölbreytta og öfluga starfi sem fer fram í leikskólanum. Áherslurnar innan deildanna koma vel til skila og sérstaklega varðandi málþroska barnanna. Ljóst er að starfsfólk Regnbogans leggur mikinn metnað í að efla læsi barnanna með allri sinni vinnu í kring um verkefnið um Lubba. Áherslan á málþroska og læsi gerir börn sem útskrifast frá Regnboganum einstaklega vel undirbúin undir áframhaldandi skólagöngu. Þá hefur Vináttuverkefnið sýnileg jákvæð áhrif á börnin en verkefnið fellur afar vel að markmiðum leikskólans og einkunnarorðum hans, Virðing – Gleði – Umhyggja. Í raun fellur allt starf innan Regnbogans vel að þessum einkunnarorðum og allir starfsmenn virðast vel meðvitaðir um markmið leikskólans: Góðan almennan þroska og tilfinningalega færni. Hæfni í samskiptum og skapandi færni. Sterka sjálfsvitund og sjálfsaga. Frjálsa og frjóa hugsun.

Skólaumhverfi barnanna er hvetjandi og áberandi er að börnin eru í góðu jafnvægi til að meðtaka viðfangsefni, þau fá tækifæri til að spreyta sig og þroskast af reynslunni. Í þessu samhengi má nefna að Regnboginn leggur mikinn metnað í það fæði sem börnin fá í leikskólanum.

Breytingar á eignarhaldi leikskólans hafa gengið afskaplega vel án þess þó að börnin hafi fundið fyrir nokkru róti því tengdu. Nýir eigendur og Sigríður skólastjóri hafa haldið áfram því sem vel er gert í skólanum og byggt ofan á þann trausta grunn sem fyrri rekstraraðilar lögðu í starfi skólans. Ljóst er að mikill metnaður er fyrir starfi leikskólans og er alveg einstakt að sjá áhugann og umhyggjuna sem allt starfsfólk Regnbogans ber fyrir hverju og einu barni og leggur sér sérstaklega fram um að mæta þörfum hvers og eins. Jafnframt er ánægjulegt að sjá að lykilstarfsfólk skólans fylgir áfram nýjum rekstraraðilum en í leikskólanum hefur valist hæfileikaríkt og hæft starfsfólk til starfa sem eru góðar fyrirmyndir og leiðbeinendur fyrir börnin. Foreldrar eru vel upplýstir um gang mála innan leikskólans sem kom vel í ljóst í viðbrögðum skólans við Covid-19 þar sem hagsmunir barnanna voru ávallt í fyrirrúmi.

Öll aðstaða fyrir börnin er til fyrirmyndar, bæði fyrir leik og nám inni sem úti en skólabyggingin sjálf styður einstaklega vel við starfsemina.

Fyrir hönd foreldráðs

Övandís Helga Halldórsdóttir

formaður



Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2022-2023



Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir yngri börn.

Í vísdómshópi Regnbogans eru **15 börn í vetur f. árið 2016**

Á skólaárinu 2022-2023 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdómshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félaga), **miðvikudagana 2. og 9. nóvember (8 börn í annað skiptið og 7 börn í hitt skiptið)**. Gestirnir koma kl. 9:05, taka þátt í kennslustund, borða nesti (leikskólinn útvegar þeim nesti) og fara út í frímínútur.
- Vísdómshópur Regnbogans kemur á **Föstudagssamveru 2. bekkjar 25. nóvember kl. 8:25.**
- Nemendur úr **4. þsp** í Ártúnsskóla koma í heimsókn miðvikudaginn **11. janúar kl. 9:05** og lesa fyrir leikskólabörnin. (**Nemendur í 4. bekk eru bara 16 þannig að ég setti þau í einn hóp**).
- Hópurinn mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn Ártúnsskóla, þriðjudagana 14. og 21. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).
- Vísdómshóp er boðið í heimsókn í Skólasel, frístundaheimili Ártúnsskóla **miðvikudaginn 12. apríl kl. 9:05.**

Íþróttahús - heimsóknir

Vísdómshópurinn kemur í íþróttahús Ártúnsskóla á þriðjudögum kl. 10:45 -11:25.

Skilafundur:

Skilafundur eru 1 x á ári undir lok skólaárs. Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum.

Regnboginn skili þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur 3. maí í Regnboganum kl. 9:00
eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti í október 2022

Guðrún Bára Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla
Sigríður Dröfn Ámundadóttir, leikskólastjóri Regnbogans

Pema eða viðfangsefni hvernar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2022-2023

September	Oktober	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst
1	1	1	1 Fullveldi Íslands	1 Nýársdagur	1	1.	1	1. Dagur verkal.	1	1	1
2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	3	3 danskennsla	3 Regnboginn 20 ára	3	3	3	3	3 Sumarleyfi
4	4 Forráðsfundur	4	4	4	4 Slysav.námsk. 8-12	4	4	4.	4	4	4
5	5	5	5	5	5	5	5. Gulur dagur og páska	5	5	5	5
6	6	6	6	6 Prettándinn+dansk.	6.	6	6. Skírdagur	6 Sveitaferð	6	6	6
7.	7	7	7	7	7	7	7. Föstudagurinn langi	7	7	7 Starfsm.grill	7 frídagur versl.
8	8	8	8	8	8	8	8	8	8 Endurm.fundur	8	8
9	9	9	9 jólaeikr.+rauður	9	9	9	9. Páskadagur	9	9 2. aðlögun?	9	9
10 Starfsdagur	10	10.	10	10	10 danskennsla	10	10. Annar í páskum	10	10	10	10
11	11	11 jól í skókassa	11	11	11	11	11	11	11	11.	11
12	12.	12	12	12	12	12	12	12 Endurm.dagur	12	12.	12
13	13 Endurmatsdagur	13	13	13 danskennsla	13	13 Lestrarsprettur	13	13	13	13	13
14	14	14 Reggio vika	14	14 Starfsdagur	14	14	14.	14	14	14. Sumarleyfi hefst	14 Stjórnendafundur
15.	15	15	15	15	15	15	15.	15	15	15.	15 Nýtt skólaár hefst
16	16	16 dagur ísl.tungu+	16 Litlu jól+fore.kaffi	16	16	16	16	16	16	16	16
17	17	17	17	17	17 Dans+konud.kaffi	17	17. Reggio vika	17 Útskriftarferð	17 Lýðveldisdagurinn	17 "	17
18	18	18	18	18	18	18	18.	18. Uppst.dagur	18	18 "	18
19	19	19	19	19	19 Konudagur	19	19.	19	19	19 "	19
20	20	20	20	20 Dans+bóndad.	20	20	20. Sumardagurinn fyrsti	20	20	20 "	20
21 Græna kl. 20.00	21	21	21	21	21	21	21.	21	21	21	21
22 Gula kl. 20.00	22	22	22	22	22	22	22.	22	22	22	22
23	23 Fyrsti vetrard.	23	23 Þorláksmessa	23	23	23	23	23	23	23	23
24	24	24	24 Aðfangadagur	24	24 danskennsla	24	24	24 Útskrift	24	24	24
25	25	25	25 Jóladagur	25	25	25 Starfsdagur	25	25. Víkingasv.byrrjar	25	25	25
26.	26	26 - Starfsdagur	26 Annar í jölum	26	26	26	26	26.	26	26 "	26
27 Rauða kl. 20.00	27 Bangsa + nátt	27	27 Lokað	27 danskennsla	27	27	27	27	27	27 "	27
28.	28	28	28 Lokað	28	28	28 Bolludagur	28	28. Hvítasunnudagur	28	28	28
29	29 Starfsdagur stj.	29	29 Lokað	29		29 Sprengidagur	29.	29. Annar í Hvítasunnu	29	29	29
30	30	30	30	30		30 Öskudagur		30 1. aðlögun ?	30	30	30
	31		31 Gamlársdagur	31		31		31		31	31
Vinátta		Hugrekki		Umburðlayndi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálfstæðir skólar) ráðstefnu- og námskeiðsdagar í mars

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og feb- Jóhanna (staðf.) 1. skipulagsdagur - fræðsla og Reggio dagur

Þórdís kemur 10 des. Kl. 9:15 (staðf.) og litu jólnin og fore.kaffi vikuna á eftir

Slökkviliðið heimsókn til elstu barnanna fimmtud. 14. október kl. 13

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt joik**

Gildi Regnbogans eru: Virðing - Gleði - Umhyggja